



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Vinagerði

2023 - 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Þróunarverkefni um réttindi barna í leikskólum.....	4
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3.1 Innra mat.....	5
3.2 Ytra mat .....	6
3. Innra mat deildar.....	8
3.3 Innra mat Drekkagerðis.....	8
Drekkagerði veturinn 2022-2023.....	8
3.4 Innra mat Álfagerðis.....	11
Álfagerði veturinn 2022-2023.....	11
3.5 Innra mat Tröllagerðis.....	14
Tröllagerði veturinn 2022-2023.....	14
4 Innra mat sérkennslu.....	16
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	20
8 Foreldrasamvinna .....	20
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	21
10 Fylgigögn.....	22
10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal.....	23
10.1 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs .....	24



# Leiðarljós leikskólans

Gleði – gerum hvern dag að degi gleðinnar

Hvatning – hrós, viðurkenning og traust

Nærgætni – umhyggja, virðing og samkennd

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel og aðlögun á börnum gekk mjög vel á öllum deildum. Við fórum inn í haustið með sama starfsmannahóp og hafði verið árið áður. Það er mikill munur að byrja skólaárið með vönu starfsfólki sem kann að vinna saman. Samstarf milli deilda var mikið og sérstaklega á neðri hæðinni þar sem yngsta og miðdeildin eru staðsettar. Starfsmannakönnunin kom mjög vel út og er starfsánægja mikil og fólki líður vel í Vinagerði.

Um áramótin urðu breytingar í starfsmannahópnum þar sem einhverjir fóru í nám og aðrir í veikindi. Deildarstjóralest var á miðju deildinni frá áramótum og sinnti aðstoðarleikskólastjórinn því starfi. Þær örfáu umsóknir sem bárust voru frá óhæfum einstaklingum.

Erfiðlega gekk að ráða í sérkennslu en þegar það náðist gekk hún vel fram eftir vetri. Auk sérkennslustjóra voru 2 starfsmenn sem sinntu sérkennslu. Annar fór í langtímaveikindi og hætti svo við sumarlokun.

Við fengum mikið af heimsóknum frá öðrum leikskólum bæði innan lands og erlendis frá.

Samstarf við Víking íþróttafélag hélt áfram en elstu börnunum er boðið þangað á tveggja vikna fresti í hreyfistund í íþróttahúsinu.

Farið var reglulega með börnin í Húsdýra- og fjölskyldugarðinn bæði á námskeið og til að leika og njóta. Samstarfið við Grasagarðinn hélt áfram og gróðursettu elstu börnin túlipana um haustið sem þau fylgdust með og vitjuðu svo að vori. Um áramótin keyptum við svo bambahús svo nú geta börn og starfsfólk ræktað grænmeti og plöntur í eigin gróðurhúsi.

Þegar við sóttum um menntastefnustyrkinn A-hluta ákváðum við að yfirskriftin væri Sögur og ævintýri. Meginmarkmið með verkefninu var að efla lesskilning og náttúrulæsi leikskólabarna. Í verkefninu var komin inn á alla námsþætti menntastefnunnar. Í menntastefnunni er talað um að með læsi sé átt við þá hæfni að geta skilið og unnið ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Enn fremur að lesa í aðstæður, umhverfi og hegðun. Undirstaða lestrarfærni verður til hjá börnum á leikskólaaldri og því verður að veita þeim verkfæri sem styrkja þá undirstöðu. Við viljum að börn



fái góða upplifun af því að vinna með gamlar sögur og ævintýri. Auki málskilning, hafi góðan orðaforða og upplifi skemmtilega vinnu og ferli. Við unnum mest með ævintýri eins og Greppikló, Grísina þrjá og Jóa og baunagrasið.

Við vorum í góðu samstarfi við foreldra og hvöttum til samvinnu með verkefni. Gerðir voru sögupokar og börnin nutu þess að vinna með sögurnar og dýpka skilning sinn og áhuga. Raddir barnanna höfðu mikið um það að segja hvað var unnið með og hversu lengi við vorum í sama verkefninu.

Mjög gott foreldrasamstarf er í Vinagerði og foreldrar mjög ánægðir. Fréttir eru sendar út einu sinni í viku á öllum deildum þar sem foreldrar geta skoðað myndir og farið yfir líðandi viku með börnum sínum. Eins er Instagram síðan okkar alltaf að stækka og erum við með nokkuð marga fylgjendur.

Við þurfum ekki að ráða marga nýja inn til okkar í haust og er hópurinn þéttur og metnaðarfullur sem starfar í Vinagerði.

## **2 Þróunarverkefni um réttindi barna í leikskólum**

Vorið 2022 byrjuðum við í þróunarverkefninu Réttindaskólar UNICEF ásamt 5 öðrum leikskólum, HÍ, SFS og UNICEF. Réttindaskólar UNICEF leggja áherslu á að byggja upp með börnunum lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa þeim að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Starfsmenn leikskólanna fá fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða starfshætti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans.

Leikskólarnir fimm sem taka þátt eru Gullborg, Laugasól, Ungbarnaleikskólinn við Bríetartún, Ævintýraborg við Eggertsgötu, Ævintýraborg við Nauthólsveg ásamt okkur. Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og um leið að stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem felst í kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti. Innleiðingu á ákvæðum Barnasáttmálans í daglegt starf og mati á innleiðingunni og hvernig hægt er að festa verkefnið í sessi í leikskólunum. Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið í Vinagerði.

Mig langar að þakka öllum starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir frábært og gefandi samstarf.

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri



### 3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

#### 3.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Lýðræði	Viðtöl við börnin. Stöðumat frá UNICEF. Reglulegir fundir með samstarfsskólunum, HÍ, SFS og UNICEF.	Starfsfólk og börn.	Starfsfólk er orðið öruggara en í byrjun verkefnisins og þekkingin orðin mikil á Barnasáttmálanum og hvernig hægt er að tengja hann inn í starfið. Börn eru meðvituð um að þau hafa mikið um starfið að segja eins og dagskipulag og verkefni. Börnin á elstu deild velja sér sæti í hádegismatnum og kennarastóllinn er ekki alltaf á sama stað. Hugmyndir barnanna eru framkvæmdar eins og lögguverkefnið, hugmyndakassinn og kosningar.
Flæði og frjáls leikur	Deildarfundir og starfsmannafundir á skipulagsdögum. Í samverustund með börnunum.	Starfsfólk og börn.	Á öllum deildum hefur verið unnið með stöðvar sem börnin fá að flæða á milli eftir áhuga þeirra. Starfsfólk upplifir að börnin þróa leik sinn betur og endist lengur í leiknum en áður. Flæði í matar og kaffitímum hefur gengið vel og eru börnin ánægð með þetta fyrirkomulag.
Læsi	Deildarfundir og starfsmannafundir á skipulagsdögum. Í samverustund með börnunum og foreldarviðtölum.	Starfsfólk og börn. Foreldrar.	Á yngstu deildinni var lögð mikil áhersla á tilfinningalæsi og félagslæsi, að börnin þekki sín mörk og annarra. Á öllum deildum var unnið með ævintýrasögur og foreldrar upplýstir um hvað bók var verið að vinna með hverju sinni. Í foreldraviðtölum töluðu foreldrar um áhuga barnanna og að börnin vildu lesa sömu sögu heima. Á öllum deildum var unnið með náttúrulæsi. Börnin fengu að rækta grænmeti og plöntur sem sumir tóku með heim en annað fór í gróðurhúsið okkar.



### 3.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p>Í mars fór fram viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í ár framkvæmdi Gallup könnunina og vann úr henni.</p> <p>Tilgangur viðhorfskönnunarinnar er að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá.</p>	Rafræn könnun var send á netföng starfsmanna.	Starfsmenn tóku þátt í könnuninni.	Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Starfsfólki líður vel og er stolt af Vinagerði. Starfsfólk ber traust til yfirmanna sinna og finnst það fá hvatningu í starfi. Starfsandinn er góður og samskiptin opin og hispurslaus. Lægstu einkunnirnar sneru að launakjörum og starfsaðstæðum.
Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal foreldra sem skilað var í júní.	Rafræn könnun var send á annað foreldrið.	Foreldrar svöruðu könnuninni.	Tilgangur var að fá fram viðhorf foreldra til leikskólans, daglegs starfs, skipulags, samskipta og upplýsingaflæðis. Foreldrar eru nær allir ánægðir og upplifa vellíðan barns, hlýjar móttökur og gott starf með börnunum. Niðurstöður sýna að við erum á flestum stöðum fyrir ofan meðaltal.
Þekking starfsfólksins á Barnasáttmálanum.	Rafræn könnun sem hver og ein deild svaraði í sameiningu.	Deildarstarfsfólk og stjórnendur.	Þekking okkar er góð. Við höfum kynnt börnin fyrir Barnasáttmálanum og notum hann í daglegu starfi. Börnin hafa áhrif allt frá deildarskipulagi til leiks alla daga vikunnar.
Viðtöl á vegum HÍ um Barnasáttmálann.	Rýnihópaviðtal tekið í skólanum.	Starfsfólkið sem leiðir verkefnið innan skólans.	Í viðtalinu fengum við tækifæri til að ígrunda starfið. Segja frá okkar væntingum og fengum góðan stuðning frá fagfólki.



## Umbótaáætlun Leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Nýta mannauðinn sem best og nýta styrkleika hvers og eins	Vera duglegri að deila ábyrgð á starfsfólki	Leikskólastjórar og deildarstjórar	Haust 2023		Metið hvernig gengur á skipulagsdögum og starfsmannafundum	Fólk nýtur sín betur í starfi og finnur til ábyrgðar. Betri samvinna og betri andi. Fólk verður öruggara í starfi og sjálfstæðara.
Námsskrá	Ný námsskrá	Gera nýja námsskrá	Leikskólastjóri aðstoðarstjóri	Haust 2023		Gera námsskrá sem gagnast í starfinu	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans
Uppeldis- og menntastarf	Halda áfram að gera Reggio Emilia sýnilegra í starfinu og vinna með Barnasáttmálann	Með áframhaldandi fræðslu og stuðningi. Endurmenn tun t.d. Menntafléttan.	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2023		Á skipulagsdögum og starfsmannafundum.	Hugmyndafræðin sem við lítum til verður sýnilegri og allt starfsfólk veit út á hvað hún gengur. Börnin fá meiri gæði í námi sínu frá öllum
Mannauður/ Leikskólabragur	Að starfsfólk fái meiri leiðsögn í innleiðingu Reggio Emilia og Barnasáttmálans	Með frekari fræðslu og að dreifa ábyrgð.	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2023		Starfsþróunarviðtöl.	Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra starf. Hópurinn verður meiri heild og vinnur betur saman
Réttindaskólar	Tengja Hringrásarv erkefnið við Barnasáttmálann og aukinni þátttöku barna. Halda áfram að fá hugmyndir frá börnunum og nota hugmyndakassana meira. Innleiða hvíldarstefnu	Þekking á Barnasáttmálanum er mismunandi milli starfsfólks. Á elstu deildinni er þekkingin betri en á yngri. Þarf að fá meiri fræðslu inn í hópinn. Fræða foreldra um verkefnið á	Stjórnendateymið og starfsfólk með mesta áhugan um lýðræði og Barnasáttmálann.	Haust 2023		Reglulega á starfsmannafundum. Starfsfólk af öllum deildum hittist og deilir hugmyndum og talar um starfið. Hafa sameiginlega fundi með öðrum leikskólum þar sem hægt er að ræða málin og fá innblástur og stuðning.	Betri samfella í starfinu. Öryggi starfsfólks er meira og allir vinna sem ein heild. Ávinningur fyrir börn í leikskólanum er að starfshættir taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.



	una og kynna fyrir foreldrum. Eins þarf að fá foreldra meira að verkefni.	deildarkynn ingu að hausti og í vikupóstum.				Stöðumat frá UNICEF. Foreldraviðtöl, fá inn skoðun foreldra.	
--	---	---	--	--	--	--	--

### 3. Innra mat deildar

#### 3.3 Innra mat Drekagerðis

##### Drekagerði veturinn 2022-2023

###### Læsi

Við ætluðum að nota félagsfærnisögur, tengja þær aðstæðum i umhverfi barnanna og búa til sögupoka. Við ætluðum að hafa foreldra með inn í bókalestri og upplýsa þá um þær bækur sem við vorum að lesa hverju sinni svo þau gætu unnið með það heima.

Við höfum unnið með félagsfærnisögur fyrir skólahóp. Við erum búin að vinna mikið með Greppikló í vetur. Við höfum gert ýmis verkefni sem tengjast þeirri sögu ásamt því að búa til lag um Greppikló. Við höfum ekki verið nægilega samrýmd í að vinna með eina sögu í einu (félagsfærni eða ævintýri) en hvert og eitt okkar hefur unnið með sögur fyrir börnin. Við náðum ekki að búa til sögupoka og höfum bara upplýst foreldra um verkefni okkar með Greppikló.

###### Flæði / Frjáls leikur

Flæði hefur gengið vel í vetur. Við veljum það sem er í boði hverju sinni og hvert og eitt barn getur valið á hvaða svæði það leikur sér. Börnin hafa einnig tækifæri til að velja sér leikföng til að leika með. Leikurinn á deildinni hefur gengið betur með þessu fyrirkomulagi og haldast þau lengur í leik.

###### Lýðræði / Barnasáttmáli

Við höfum unnið með lýðræði og barnasáttmálann. Við höfum haldið kosningar svo börnin fá að stjórna deildarstarfinu með okkur og velja hluti sem þau vilja gera á daginn t.d. göngutúr eða hvort þau vilji hafa hvíld. Börnin fá tækifæri til að tjá sig um hluti sem mættu fara betur á deildinni. Við erum einnig með hugmyndakassa þar sem börnin fá að koma með hugmyndir af hlutum sem þau vilja gera á deildinni. Við þurfum að fá meiri tíma fyrir alla stafmenn til að skipuleggja starfið og til að innleiða barnasáttmálann í leikskólastarfið.

###### Deildarstjórnun





Við höfum meiri stjórn á deildinni eftir að við byrjuðum með flæði. Þá er einn starfmaður á hverju svæði og við höfum meiri stjórn á leiknum og börnunum þar sem þau eru ekki að hlaupa eins mikið á milli staða og eru að haldast lengur í leik. Bæði starfsfólk og börn njóta sín betur í starfi með þessu fyrirkomulagi. Það hefur ekki gengið nægilega vel þar sem við vorum með nýtt starfsfólk á deildinni oft yfir veturinn sem var ekki lengi í starfi.

### Uppeldis- og menntastörf

Börnin hafa meiri stjórn á leiknum þegar hlutir eru sýnilegri og erum við búin að breyta deildinni svo þau geti séð leikföng og hluti sem eru boði.

### Mannauður/ Leikskólabragur

Við höfum dreift ábyrgð á milli starfsfólks og starfið hefur gengið mun betur eftir það. Það þarf að vera meiri samvinna milli deilda.

### Fagfundir

Í vetur hafa verið fleiri deildarfundir en síðustu ár og er það mjög gott að geta sest niður og talað saman um hvernig starfið gengur og hvað mætti fara betur. En fundirnir eru ennþá fáir, óskín væri að hafa deildarfund hálfsmánaðarlega.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans	Vinum með deildarsáttmála í samverustund, nýta hugmyndakassa betur Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögur og vináttuverkefnið Barn vikunnar Löggur vikunnar (hlutverk sem börnin kusu um sjálf) Nota umhverfislæsi	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Viðtöl við börn, stöðumat frá Unicef. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna	Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Nýtum hugmyndakassann og gerum skráningu út frá því.
Félagsfærni - Sterk sjálfmynd og trú á eigin getu	Að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Aukið tilfinningalæsi, réttlætiskennd og	Breyta hlutverki barns vikunnar – Barnið kemur með myndir úr fjölskyldulífinu og segir börnunum frá	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Búa til verkefni tengt félagsfærni Félagsfærnisögur Samræður um hvernig við getum borið virðingu fyrir	Skráningar – skrifa niður það sem unnið var með á árinu. Viðtöl við börnin.



	leiðtogahæfni. Að börnin séu virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.	Þannig börnin kynnist hvort öðru betur og geti talað fyrir framan hvort annað. Nota samræðutækni þar sem eitt barn sem heldur á ákveðnum hlut fær að tala og hin börnin læra að hlusta. Kenna börnunum að allir hlutir hafa gildi í umhverfinu og við þurfum að hugsa vel um þá, hafa samræður um hvernig á að ganga um hlutina í umhverfi sínu. Fræðsla, samtöl og verkefni um tilfinningar.				öðrum og umhverfinu. Samræður um tilfinningar og ath. hvort börnin skilji mismunandi tilfinningar. Tilfinningaspjöld Vináttuverkefni Verkefni um tilfinningar, samkennd og virðingu.	
Umhverfislæsi	Að börnin læri að virða náttúruna og auka meðvitund um umhverfið og árstíðirnar.	Við notum sönginn „hringferð ársins“ sem fjallar um mánuðina, árstíðirnar og tengingu við íslenskt samfélag. Förum í gönguferðir úti í náttúrunni og fræðum börnin um mikilvægi þess að hugsa vel um jörðina okkar. Veðurfræðingur - Barn Vikunnar	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Myndaskráningar Listaverk eftir börnin.	Skráningar – skrifa niður það sem unnið var með á árinu. Viðtöl við börnin.



### 3.4 Innra mat Álfagerðis

#### Álfagerði veturinn 2022-2023

##### Læsi

Það er búið að vera mikið um bingóspil og allskonar spil, það sem börn eru að læra að skipta á milli, bæta við orðaforða og að þróa leiðtogaþæfni. Deildin er vel merkt, til að hjálpa börnunum að velja sér leiksvæði og vita hvað leikföng eru í boði fyrir hvert svæði.

**Ævintýrasögur** það er búið að vera mikill áhugi hjá starfsfólki og börnum.

Við unnum með ævintýri eins og Grísina þrjá og Jóa og baunagrasið.

*Grísirnir þrír*- Börnin voru mjög hrifin af sögunni um Grísina þrjá og notuðum við söguna í málörvun inni á deild. Við lásum söguna á hverjum degi og reyndum að gera lesturinn skemmtilegan fyrir börnin, grípa athygli þeirra og fá þau til að skilja betur hvað sagan fjallar um.

Við erum búin að lesa söguna með því að leika hana með leikmunum (stráum spýtum, múrsteinskubbum og dýrum), notuðum skuggaleikhús, útprentaðar myndir úr sögunni og erum búin að horfa á teiknimyndina. Börnin voru mjög flink og þau byrjuðu að segja og leika söguna í sínum leik.

**Náttúruverkefnið.** Meginmarkmiðið með verkefninu var að efla lesskilning og náttúrulæsi leikskólabarnanna. Í verkefninu var komið inn á alla námsþætti menntastefnunnar. Í menntastefnunni er talað um að með læsi sé átt við þá hæfni að geta skilið og unnið ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Enn fremur að geta lesið í aðstæður, umhverfi og hegðun. Undirstaða lestrarfærni verður til hjá börnum á leikskólaaldri og því verður að veita þeim verkfæri sem styrkja þá undirstöðu. Við viljum að börn fái góða upplifun af því að vinna með gamlar sögur og ævintýri. Auki málskilning, hafi góðan orðaforða og upplifi skemmtilega vinnu og ferli.

##### *Jói og baunagrasið*

Í vor notuðum við Jóa og baunagrasið sem kennsluefni og tengdum söguna um Jóa og baunagrasið við náttúruverkefnið.

Við horfðum á myndband með sögunni og líka myndband um hvernig baunaplöntur vaxa. Við settum baunir í krukku og fylgdumst með hvernig baunin breytist í plöntu sem fer upp í kastalann þar sem risinn býr.



Foreldrar fengu að vita hvaða bók var verið að vinna með svo þau gætu lesið hana heima. Við fengum mikið hrós frá foreldrum sem sögðu börnin tala um söguna heima og vildu lesa hana með foreldrum sínum. Við settum söguna myndrænt upp á vegg.

Börnin nutu þess að vinna með sögurnar (Jóa og baunagrasið og Grísina þrjá) og dýpka skilning sinn og áhuga. Foreldrar tala mikið um hvað börnin hafa bætt við sig í orðaforða og höfðu gaman að verkefnunum.

Við vorum í góðu samstarfi við foreldra og hvöttum þá til að lesa sögurnar heima og á þeirra tungumáli ef við átti.

Veðurfræðingurinn gekk fyrst vel en með tímanum minnkaði það vegna skipulagsbreytinga á deildinni og starfsfólks sem datt í langtímaveikindi.

Félagsfærnisögur –þar höfum við notað söguna Súpervinur þegar hegðunarvandamál birtast en við höfum ekki búið til sérstaka sögu fyrir hvert og eitt barn sem þurfti á því að halda sem hefði verið gott.

### Flæði / Frjáls leikur

Börnin eru mjög dugleg að leika, þegar þau hafa mikinn áhuga. Flæði í morgunmatnum og kaffitíma hefur gengið vel. Þau eru dugleg að láta vita, þegar það eru laus sæti við matarborðið.

Börnin eru búin að læra að geyma það sem þau eru að leika með (byggja)til að halda áfram eftir morgun- og kaffitíma.

Ímyndunarafl barnanna er að þróast mjög vel, þau eru dugleg að leika og eru mikið í hlutverkaleik. Eftir að við merktum svæðin og börnin vita hvað er í boði á hverju svæði hefur leikurinn þróast.

Starfsfólk er til staðar og hjálpar börnunum ef þau þurfa aðstoð. Þau taka fullan þátt í leiknum.

### Lýðræði / Barnasáttmáli

Fataherbergi – börnin klæða sig sjálf og fá að velja í hvað þau vilja fara eftir leiðbeiningar frá starfsfólkinu.

Samverustund – kjósa hvaða bók er lesin í samverustund, hvern langar að fara út. Hlustum á raddir barnanna – með klósettferðir, í matartíma og reynum að efla sjálfstæði þeirra í matartímanum. Börnin fá að segja skoðanir sínar í samverustund og við matarborðið og hlustað er skoðanir þeirra.

Við hjálpuðumst öll að við að gera deildarsáttmála.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans	Vinum með deildarsáttmála í samverustund, nýta hugmyndakassa betur Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögur og vináttuverkefnið Barn vikunnar Nota umhverfislæsi	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Viðtöl við börn, stöðumat frá Unicef. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna	Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Nýtum hugmyndakassann og gerum skráningu út frá því.
Félagsfærni - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Aukið tilfinningalæsi, réttlætiskennnd og leiðtogaþæfni. Að börnin séu virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.	Félagsfærnisögur Vináttaverkefni Barn vikunnar – tekur meiri þátt í að kynna fjölskylda og nærumhverfi. Deildarsáttmál.	Allir starfsmenn	haust	vor	Tengslahringur fyrir börn og starfsfólk í haust og í vor	Lesi niðurstöður úr tengslahring frá hausti og vori.
Umhverfislæsi	Að börnin læri að virða náttúruna og auka meðvitund um umhverfið og árstíðirnar	Rækta grænmeti, Lesa dýrabækur, Börnin fræðist um uppruna matvæla Umgengin inn og úti. Læra að lesa í umhverfið og litbrigði þess t.d. eftir mismunandi árstíðum	Allir starfsmenn og deildarstjóri	Haust	Vor	Skráningar	Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs



## 3.5 Innra mat Tröllagerðis

### **Tröllagerði veturinn 2022-2023**

#### Læsi

Okkur gekk vel að vinna með læsi.

Við höfum langt mikla áherslu á tilfinningalæsi og félagslæsi, að börnin þekki sín mörk og annarra. Við höfðum þemavikur þar sem áherslurnar voru tilfinningar og vinátta og náðum góðum árangri. Börnin eru mjög dugleg að aðstoða hvort annað og lesa í tilfinningar annarra.

Við ræðum saman um veður og hvernig við eigum að klæða okkur eftir veðri. Við höfum mikið unnið með skynfærin og rannsakað áferð og skynjun okkar. Við höfum málað með höndum og fótum, leikið okkur með mold og snjó og margt annað sem við finnum í okkar nánasta umhverfi.

#### Flæði / Frjáls leikur

Flæði hefur gengið vel.

Í vetur höfum við unnið með stöðvar sem börnin fá að flæða á milli eftir áhuga þeirra t.d. myndlistastöð, grófhreyfingarstöð, frjálsan leik og skynjunarleik. Við höfum verið dugleg að prófa nýjar stöðvar og skipta út viðfangsefnum til að mæta áhuga barnanna.

Í haust tókum við ákvörðun um að hafa ekki flæði í kaffitíma en við höfum flæði í morgunmat og klósettferðum og hefur það gengið vel.

#### Lýðræði / Barnasáttmáli

Það hefur gengið vonum frammar að vinna með barnasáttmálann hér á Tröllagerði. Börnin eru mjög áhugasöm um lýðræði og réttindi sín. Við byrjuðum verkefnið á því að gera réttindatré í samverustund og kynna réttindi fyrir börnunum.

Við gerðum deildarsáttmála sem hefur reynst mjög vel. Börnin tóku virkan þátt í að gera sáttmálann og leita í hann sjálf til að leysa ágreining.

Við höfum æft okkur að kjósa, í byrjun með því að rétta upp hönd til að velja lag en síðan þróast út í kosningar með atkvæðum greiddum í kjörkassa.

Barnasáttmálinn hangir uppi á vegg hjá okkur í hæð barnanna og þau sækja í að skoða hann, ræða um hann og spyrja spurninga.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans	Vinum með deildarsáttmála í samverustund, nýta hugmyndakassa betur Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögu r og vináttuverkefni ð Barn vikunnar Nota umhverfislæsi	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Viðtöl við börn, stöðumat frá Unicef. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna	Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Nýtum hugmyndakassann og gerum skráningu út frá því.
Félagsfærni - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Aukið tilfinningalæs i, réttlætiskenn d og leiðtogahæfni. Að börnin séu virkir þátttakendur í leikskólasamf élaginu.	Við leggjum áherslu á mörk og vináttu. Höfum vináttuviku. Hvetjum börnin til að segja sínar skoðanir en taki mark á skoðunum annarra um leið.	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Með viðtölum við börnin og stöðumati á deildarfundum	Að börnin verði sjálfstæðari einstaklingar, hafi trú á eigin getu og annarra. Geti lesið tilfinningar og brugðist við þeim.
Umhverfislæsi	Að börnin læri að virða náttúruna og auka meðvitund um umhverfið og árstíðirnar	Nota verkefnið Hringrás ársins og auka áherslu á umhverfisvitun d.	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Stöðumat á deildar- og starfsmannafundum	Að börnin tengist umhverfinu og náttúrunni. Að við nýtum betur náttúrulegan efnivið inni við og höfum sýnilegri.



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

Sérkennslan hefur gengið vel á árinu sem er að líða. Við vorum með tvö börn í 2. flokki með stuðning allt árið og önnur tvö börn í 2.flokki sem voru með stuðning hluti af árinu. Ráðgjöf frá Norðurmiðstöð hefur verið mjög aðgengileg og gagnleg. Með tilkomu Lausnateymis hefur aðkoma deildarstjóra aukist og aðkoma þeirra að málum barnanna meiri. Eitt af markmiðum okkar fyrir skólaárið var einmitt að auka samráð milli deilda og sérkennslu. Sérkennslustjórar 6 leikskóla í hverfinu hafa hist á handleiðslufundum einu sinni í mánuði síðastliðið skólaár. Handleiðslufundirnir hafa verið mjög gagnlegir og það er mikill stuðningur í því að hitta aðra sem vinna sama starf og fá ráðleggingar og skiptast á verkfærum. Markmiðin sem við settum okkur í umbótaáætlun síðasta árs komu aðallega inn á meiri og betri samskipti milli bæði utanaðkomandi ráðgjafa og á milli sérkennara og deildarstarfsmanna. Við teljum að þeim markmiðum hafi verið náð. Með aðkomu lausnateymis virkjast allir aðilar sem koma að máli viðkomandi barns. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur og hafa meiri reglu í samráðsfundum innan sérkennslunnar það er eitthvað sem við munum halda áfram að vinna í.

<b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var einstaklingsmiðuð og tekið tillit til þarfa hvers og eins. Börnin fóru í einstaklingsþjálfun inni í vinnuherbergi þar sem t.d. innlögn á nýjum verkefnum fór fram t.d. hljóðakeðjur og atferlisþjálfun og börnin fengu hvíld frá áreitinu inni á deild. Félagsfærniþjálfun og leikþjálfun fór aðallega fram inni á deild en líka í smærri hópum inn í vinnuherbergi. Menntun án aðgreiningar hefur verið ofarlega í hugum okkar og alltaf passað að börnin taki þátt í verkefnum og ferðum deildarinnar.  Börnin erum með einstaklingsáætlun þar sem markmið næstu vikna eru listuð. Þegar markmið nást er nýjum bætt við og merkt við að ákveðni færni sé náð. Einstaklingsnámskráin byggir meðal annars á niðurstöðum AEPS spurningarlistanna. Á reglulegum teymisfundum með foreldrum og ráðgjöfum frá Norðurmiðstöð eru markmiðin rædd og hvað er mikilvægast hverju sinni fyrir börnin. Niðurstöður frá utanaðkomandi greiningaraðilum eru einnig lögð til grundvallar.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Við notuðumst við VB-mapp aðallega fyrri hluta skólaárs en færðum okkur meira yfir í AEPS. Önnur gögn sem voru notuð voru Tras, Efi-2, Hljóm-2, Ofvirknikvarðinn, Íslenski þroskalistinn og Orðaskil.
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Félagsfærnisögur, teeach verkefnabókin, bækur og púsl, bingó, spilnámsefni í málörvun frá námsgagnastofnun. Málörvunarkassar frá super duper, Orðagull. Hljóðefni t.d. frá spotify, storytell og youtube. Við nýttum okkur líka vefsíður eins og fjölbreyttkennsla.is og málörvun.com.





## Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sýnileiki	Halda á lofti einstökum dögum t.d. dagur einhverf unnar og downs deginum .	Fræðsla fyrir börnin um fjölbreyt ileikann og að við erum ekki öll eins.	Sérkenn slustjóri	Haust	Lýkur ekki		
Samráðsfundur sérkennslustjóra og sérkennara	Festa niður fundi 1x í mánuði.	Miðla upplýsingum milli sérkennara	Sérkenn slustjóri	Haust	Lýkur ekki	Fundir skráðir og fundagerð á hverjum fundi	Meiri starfsánægja og öryggi í hópnum

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

Á liðnu skólaári voru 24 fjöltyngd börn í leikskólanum, 11 börn með báða foreldra af erlendum uppruna og 13 börn með annað foreldrið af erlendum uppruna. Unnið er á öllum deildum með orðaforða og er málörvun stór þáttur í starfinu. Mikið er lesið, sungið og orð notuð með athöfnum. Unnið var með „Gefðu 10“ á öllum deildum.

## Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið hefur verið notað til að auka starfsmannahlutfall á deildum með málörvun tvítyngdra barna að leiðarljósi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lögð er áhersla á að nota „Orð með athöfn“ „Gefðu 10“ og „Tákn með tali“. Lesið er fyrir börnin daglega bæði í hópum og einstaklingslega. Aðgengi að bókum er gott á öllum deildum. Sungið er daglega með börnunum.
Er markvissst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?	Farið er í gegnum texta bóka og rætt um orð sem er ný fyrir börnunum.



Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum barnanna og gripið inn í þegar vart verður við að börnin fylgi ekki jafnöldrum eða hafa staðnað í framförum. Staða allra barna var skoðaður með EFI og TRAS
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Horft er á styrkleika og áhuga hvers barns og unnið út frá því. „Gefðu 10“ er notað með öllum börnum. Börnin eru hvött til að nota ritmál t.d. að skrifa nafnið sitt.

## Umbótaáætlun -fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti við foreldra tvítyngdra barna.	Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla	Nota eyðublaðið „Tvítyngt barn ,bakrunnsupplýsingar“ Bæta eyðublaðinu við fyrstu upplýsingar til og frá foreldrum í upphafi aðlögunar. Að þýða orðsendingar frá leikskólanum. Að tilkynningar og upplýsingar til foreldra séu á fleiri málum en íslensku.	Deildarstjóri og skólustjórar	Í upphafi aðlögunar.	Allt skólaárið	Foreldraviðtöl að hausti og vori.	Ánægja foreldra og jákvæð samskipti.
Auka málörvun tvítyngdra barna.	Markviss málörvun. Innleiða tákni með tali fyrir öll börn og starfsfólk.	Mynda litla leshópa (2-4 börn). Skipta lesefni út frá málþroska barna. Spila orðabingó, myndrænt dagskipulag og námsumhverfi. Nota orð í öllum samskiptum í hádegismat, í fataherbergi, í leik.	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni.	Allt skólaárið.	Hæfniramminn.	Aukinn orðaforði og aukinn málskilningur.
Staða barna í íslensku	Fylgjast betur með íslensku barna og málþroska þeirra. Hvernig er barnið stadd í sínu eigin móðurmáli.	Nota hæfnisramma fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Nota TRAS.	Deildarstjóri	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni.	Allt skólaárið.	TRAS, EFI og Hljóm2 með elstu börnunum. Hæfniramminn.	Að börnin læri fyrr að læra íslensku og hún nýttist þeim í námi og leik með öðrum börnum.



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl. Þau gengu mjög vel og er starfsánægja góð þó borið hafi á þreytu í starfsmannahópnum. Flestir verða áfram í Vinagerði á næsta skólaári. Gott aðgengi er að stjórnendum allt árið um kring og lagt upp úr góðum samskiptum. Deildarfundir eru vikulega í 30 mín. í senn og lengur ef þurfa þykir. Deildarstjórafundir eru sjaldnar en reglulega með stjórnendum.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast tengdist skipulagsdögum.

### *Haustönn 2022*

22. september – fóru yngri deildirnar á ráðstefnu fyrir hádegi á Hilton Reykjavík Nordica sem bar heitið „Lof mér að leika. Virkni yngstu barnanna í leikskólanum“ Elsta deildin sinnti vinnu heima í Vinagerði. Eftir hádegi var starfsmannafundur og deildarstarf.

21. október – Valborg fagstjóri kom og kynnti Fyrsta stigs þjónustu og eftir hádegi komu Kristín og Elín frá Uglukletti með kynningu á skólanámsskrárgerð.

18. nóvember – Dagurinn nýttur í starfsmannafund, deildarfundum og aðra deildarvinnu.

### *Vorönn 2023*

13. febrúar – kom Margrét Sigurðardóttir með fyrirlestur um Barnasáttmálann, lýðræði, útinám og fleira.

15. mars – kom Kristín Hildur Ólafsdóttir með fyrirlestur um Reggio Emilia og skráningar.

21. mars – fór stór hópur úr Vinagerði á fund á Menntavísindasviði um réttindi barna í leikskóla ásamt fólki frá samstarfsleikskólunum 5 í þróunarverkefninu, UNICEF, HÍ og SFS. Þarna var kynning á Réttindaskólaverkefninu og innleiðingarferlinu og eins komu Réttindaskólar úr Kópavogi og fjölluðu um reynslu sína af innleiðingarferlinu.

19. og 22. maí – Ákveðið hafði verið að fara út á land í en erfiðlega gekk að finna leikskóla til að skoða þar sem þetta eru vinsælir skipulags dagar. Við vorum því heima að



vinna. Gerðum stöðumat UNICEF fyrir Barnasáttmálaverkefnið ásamt endurmati eftir veturinn og umbótaáætlun.

22. – 30. apríl fóru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri á Erasmus styrk til Bologna á Ítalíu á námskeið sem heitir Best for preschool teachers. Við kynntumst kennurum frá 6 þjóðlöndum auk þess sem námskeiðshaldarar komu frá 3 löndum. Við fræddumst um starfið í öllum löndunum, skoðuðum leikskóla og margt fleira skemmtilegt. Í september eigum við von á nema til okkar frá Þýskalandi en það var ákveðið í þessari ferð.

5. – 9. júní var aðstoðarleikskólastjóra svo boðið að fara með öðrum hóp á vegum SFS á Erasmus styrk til Búlgaríu. Hópurinn skoðaði skóla og fræddist um menntakerfið í Búlgaríu.

## **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Fundur er haldin að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og tveimur öðrum leikskólum, Jörfa og Garðaborg. Gerð var áætlun fyrir veturinn svipuð og áður og náðist að fylgja henni að öllu leiti. Bæði fóru nemendur frá okkur í nokkrar heimsóknir og eins komu nemendur úr 7. bekk til okkar og lásu fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hitta skólastjóra, umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað „skil milli leikskóla og leik- og grunnskóla og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

## **8 Foreldrasamvinna**

Þáttökuaðlögun er í Vinagerði þar sem foreldrar eru fyrstu 3 dagana að lágmarki með börnum sínum í aðlögun. Þarna gefst gott tækifæri til að kynnst foreldrum og þá að kynnst starfsfólki og öðrum foreldrum. Nýir foreldrar fá kynningarbækling með helstu upplýsingum um skólastarfið og eyðublað með upplýsingum og til að fylla út fyrir sín börn. Aðlögunin gekk vel og foreldrar ánægðir.



Deildarkynningar eru haldnar fyrir hverja deild í september. Þar er farið yfir helstu áherslur á hverri deild fyrir sig og veittar hagnýtar upplýsingar. Barnasáttmálaverkefnið kynnt og hvíldarstefna Vinagerðis.

Opið hús er haldið degi leikskólans 6. febrúar og er alltaf vel mætt á þann viðburð.

Vikulega eru sendir tölvupóstar á alla foreldra frá deildarstjórum með fréttum liðinnar viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Sway og er mikil ánægja með þetta hjá foreldrum og um leið tengir þetta heimili og skóla. Með þessu höldum við þeim upplýstum auk þess sem gaman er fyrir starfsfólk að halda utan um starfið og sjá hvað mikið er gert í hverri viku.

Samskipti eru einnig á samfélagsmiðlum eins og Facebook síðu foreldra en engin persónugreinanleg gögn fara þar inn. Erum með Instagramsíðu sem færir foreldrum og öðrum fréttir af starfinu og er passað upp á að ekki sjáist í andlit barnanna. Við erum komi með töluvert marga fylgjendur bæði hjá þeim sem tengjast skólanum og öðrum sem vilja fylgjast með starfinu. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á öllum deildum að hausti og vori. Stutt spjall að hausti en ítarlegra viðtal að vori. Við notum alltaf túlkþjónustu þar sem við á.

Foreldrum hefur verið boðið í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn í bóndagraut og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn dag. Þessar samkomur eru alltaf vel sóttar og allir hafa gaman af bæði börn og fullorðnir.

Í foreldraráði sitja 3 fulltrúar og hafa samskiptin eingöngu verið í gegnum tölvupósta í vetur. Góð samskipti eru við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim.

Í foreldrafélaginu sitja 6 fulltrúa og var aðalfundur haldin í húsi í ár. Foreldrafélagið kom að jólaskemmtun, útskriftarferð og skipulögðu svo flotta sumarhátíð með okkur sem var haldin í byrjun júní. Foreldrar og aðrir ættingjar komu á sumarhátíðina og var mikil gleði með það þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Þökkum foreldrafélaginu fyrir frábært starf.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 verða 6 talsins eins og hér segir:

13. október

24. nóvember (sameiginlegur í hverfi)

2. janúar (sameiginlegur í hverfi)

21. febrúar



19. apríl

17. maí (sameiginlegur í hverfi)

Leikskóladagatal 2023-2024

## 10 Fylgigögn



# 10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal

Samband Íslenskra  
sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Leikskólinn Vinagerði

AUGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÍJ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 Þ	1 F	1 F	1 S	1 S	1 M	1 M	1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 F	1 M	1 L	1 L	1 M	1 M	
2 M	2 L	2 M	2 M	2 M	2 F	2 F	2 F	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 S	2 Þ	
3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 S	3 S	3 S	3 S	3 L	3 L	3 S	3 M	3 M	3 M	3 M	3 F	3 M	3 M	3 M	
4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 L	4 M	4 M	4 M	4 F	4 F	4 S	4 S	4 M	4 M	4 F	4 F	4 L	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	
5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 Þ	5 S	5 S	5 S	5 S	5 S	5 M	5 M	5 F	
6 S	6 M	6 F	6 F	6 F	6 M	6 M	6 M	6 M	6 M	6 L	6 L	6 L	6 L	6 M	6 M	6 L	6 L	6 L	6 F	6 F	6 F	6 L	
7 M	7 F	7 L	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 F	7 F	7 S	7 S	7 M	7 M	7 M	7 M	7 S	7 S	7 S	7 F	7 F	7 F	7 S	
8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 F	8 F	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	
9 M	9 L	9 M	9 M	9 M	9 Þ	9 Þ	9 L	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 S	9 Þ	
10 F	10 S	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 F	10 F	10 S	10 S	10 S	10 M	10 M	10 L	10 L	10 S	10 S	10 M	10 M	10 M	10 F	10 F	10 M	10 M	
11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 S	11 S	11 M	11 M	11 F	11 F	11 F	11 L	11 L	11 Þ	11 F	
12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 S	12 S	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 F	12 F	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	
13 S	13 M	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 L	13 L	13 L	13 L	13 M	13 M	13 L	13 L	13 L	13 M	13 M	13 F	13 L	
14 M	14 F	14 F	14 F	14 F	14 Þ	14 Þ	14 F	14 F	14 F	14 S	14 S	14 M	14 M	14 M	14 M	14 S	14 S	14 S	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	
15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 S	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	
16 M	16 L	16 M	16 M	16 M	16 Þ	16 Þ	16 L	16 L	16 L	16 M	16 M	16 L	16 L	16 M	16 M	16 F	16 F	16 F	16 S	16 S	16 M	16 Þ	
17 F	17 S	17 F	17 F	17 F	17 M	17 M	17 S	17 S	17 S	17 M	17 M	17 L	17 L	17 M	17 M	17 F	17 F	17 F	17 S	17 S	17 M	17 M	
18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L	18 M	18 M	18 M	18 F	18 F	18 S	18 S	18 M	18 M	18 F	18 F	18 F	18 L	18 L	18 Þ	18 F	
19 L	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	19 L	19 L	19 M	19 M	19 F	19 F	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	
20 S	20 M	20 F	20 F	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 L	20 L	20 L	20 L	20 M	20 M	20 L	20 L	20 L	20 M	20 M	20 F	20 L	
21 M	21 F	21 F	21 L	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 F	21 F	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 S	21 S	21 S	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	
22 Þ	22 M	22 S	22 S	22 S	22 M	22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 L	22 M	22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	
23 M	23 L	23 M	23 M	23 M	23 Þ	23 Þ	23 L	23 L	23 L	23 M	23 M	23 L	23 L	23 M	23 M	23 F	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	
24 F	24 S	24 F	24 F	24 F	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 L	24 L	24 M	24 M	24 F	24 F	24 F	24 M	24 M	24 F	24 M	
25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 S	25 S	25 M	25 M	25 L	25 L	25 L	25 M	25 M	25 Þ	25 F	
26 L	26 Þ	26 Þ	26 Þ	26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 F	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	
27 S	27 M	27 F	27 F	27 F	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 L	27 L	27 L	27 L	27 M	27 M	27 F	27 F	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	
28 M	28 F	28 F	28 F	28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 L	28 L	28 L	28 L	28 M	28 M	28 F	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	
29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M	
30 M	30 L	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F	30 L	30 L	30 L	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F	30 F	30 M	30 M	30 S	30 Þ	
31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 M	

Í reglum um leikskólajöfnu stuðlegir:  
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinn þriðji geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajöfnð tekka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að hálgmáti tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að hófuð samráði við starfsmenn og foreldra ráðgjafar, viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt samráði eða loki samráði í tví-tuttugu virka daga.

## **Starfsáætlun 2023 – 2024**

### **Leikskólinn Vinagerði**



## **Umsögn foreldraráðs**

### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir**

**Brynja Briem**

**Úlfhildur Guðjónsdóttir**





## Umsögn foreldraráð vorið 2023

Foreldraráð hefur lesið yfir og hér með samþykkt starfsáætlun leikskólans Vinagerðis fyrir skólaárið 2023-2024. Hún uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru, endurspeglar áherslur í starfi Vinagerðis, og sýnir metnað til að halda áfram góðu starfi og á markvissan hátt.

Eftir skrítna tíma undanfarin ár vegna Covid-19 var gott fyrir foreldra og aðstandendur að koma aftur inn á leikskólann á opnum viðburðum, það rof sem hafði verið þar á virðist hafa gróið um leið og hægt var.

Á Vinagerði er þéttur og góður starfsmannahópur, sem endurspeglast í festu og öryggi í starfinu. Slíkt skilar sér til barnanna og inn á heimilin.

Gott er að það sé samstarf til staðar innan hverfis sem styrkir tengsl barnanna við hverfið og nærsamfélagið. Þetta á bæði við grunnskóla og frístundastarf, þegar börn færast um skólastig, og eins samstarf við Víking og Grasagarðinn og heimsóknir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þetta styrkir líka við náttúrulæsi sem er unnið með í leikskólanum.

Foreldrar hafa tekið vel eftir aukinni áherslu á lýðræði og réttindi barna í leikskólastarfinu. Börnin finna að þau hafa meira að segja um sig og sínar áherslur, bæði með kosningum og að geta valið meira sjálf s.s. leik og klæðnað í útiveru. Til að velja fyrir sig þurfa börnin að mynda sér skoðun, og til þess þarf að átta sig á eigin hugmyndum og tilfinningum, og stundum að beita rökhyggju líkt og þegar á að velja milli stígvéla og strigaskóa. Áætluð verkefni á komandi starfsári um leiðtogahefni, tilfinningar, samkennd og virðingu styðja vel við þetta starf.

Á liðnu starfsári hefa verið send vikuleg fréttabréf til foreldra og forráðamanna frá hverri deild fyrir sig. Þetta er ein stoðin í brú milli heimilis og skóla og foreldrar fá góða innsýn í starfið, ekki síst vegna mikils og góðs myndefnis. Líkt og fyrr á starfsfólki hrós skilið fyrir að gæta vel að persónuvernd barnanna, það er vel að því staðið að sýna frá starfinu án þess að sýna andlit barnanna á opnum miðlum. Það er vel merkjanlegt að lögð er áhersla á þetta því að breytingar í starfsmannahóp hafa ekki orðið til að slakni á þessu.

Leiðarljós Vinagerðis eru gleði, hvatning og nærgætni. Á vel reknum leikskóla með mikinn mannauð skila þessar áherslur sér í starfinu, til barnanna og heimila þeirra.

Reykjavík, ágúst 2023

F. h. leikskólans Vinagerðis

Foreldraráð Vinagerðis  
30.08.2023

Reykjavík

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir

Harpa Ingvadóttir

Brynja Briem

Leikskólastjóri

Úlfhildur Guðjónsdóttir



